

## Svar

**heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Ingibjörgu Isaksen um endurgreiðslu flugferða vegna heilbrigðisþjónustu innan lands.**

1. *Hversu margir einstaklingar nýttu sér endurgreiðslu flugferða vegna heilbrigðisþjónustu innan lands á árunum 2018–2021?*

Fjöldi einstaklinga hvert ár sem spurt er um kemur fram í töflu hér fyrir neðan.

Ár	Fjöldi einstaklinga
2018	3.244
2019	3.390
2020	2.583
2021	3.048

2. *Hversu margir af þessum einstaklingum sóttu um endurgreiðslu á tveimur ferðum og hversu margir sóttu aðeins um endurgreiðslu á einni ferð?*

Gagnagrunnur Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) gefur ekki kost á svari nákvæmlega samkvæmt orðalagi spurningarinnar. Í töflu hér fyrir neðan kemur fram fjöldi einstaklinga sem fengu heimild til að fara tvær langar ferðir á ári. Ekki sést í gögnum hvort allir hafi nýtt heimildina að fullu. Löng ferð er samkvæmt skilgreiningu í reglugerð nr. 1140/2019 ferð þar sem vega-lengd er lengri en 20 km.

Fjöldi einstaklinga	Ár			
	2018	2019	2020	2021
Heimildir vegna ferðakostnaðar				
Tvær langar ferðir á 12 máð. tímabili	2.038	2.183	1.618	1.984

3. *Hversu margir einstaklingar fengu endurgreiðslu á fleiri en tveimur ferðum?*

Í gögnum SÍ má sjá fjölda einstaklinga sem hafa heimild til að fara fleiri en tvær ferðir á 12 mánaða tímabili, en heimildin er ekki nærrí því alltaf nýtt að fullu og ferðirnar því ekki alltaf fleiri en tvær. Sami aðili getur átt rétt á bæði ítrekuðum löngum og ítrekuðum stuttum ferðum.

Fjöldi einstaklinga	Ár			
Heimildir vegna ferðakostnaðar	2018	2019	2020	2021
Ítrekaðar langar ferðir	1.268	1.255	970	1.119
Ítrekaðar langar og stuttar ferðir	31	41	30	24

4. *Hver er heildarkostnaður við endurgreiðslu flugferða vegna heilbrigðisþjónustu innan lands hvert ár fyrir sig?*

Í töflu hér fyrir neðan kemur fram fjöldi flugferða og einstaklinga ásamt heildarkostnaði SÍ og einstaklinga og hlutfall heildarkostnaðar sem einstaklingar greiða.

Ár	Flug*	Fjöldi einstaklinga	Hluti SÍ m.kr.	Hluti einstaklinga	Hluti einstaklinga af heildarkostnaði
2018	9.276	3.244	220,2	8,0	3,5%
2019	9.484	3.390	249,7	8,3	3,2%
2020	6.666	2.583	175,3	5,7	3,1%
2021	8.152	3.048	193,9	7,2	3,6%

\*Misjafnt er hvort á reikningi sé eitt flug eða flug fram og til baka.